

Loks er mættur Jóhann Steinason hdl. f. h. Trolle & Rothe h/f vegna farmeigenda og vátryggjenda e/s Persier.

Umboðsmaður gerðarbeiðenda setti tryggingu, kr. 100.000.00, sem er víxill, samþykktur af Ólafi Þorgrímssyni hrl., Reykjavík, útgefinn af Andrésí Á. Pálssyni, ábektur af honum og Daniel Guðbrandssyni, bændum í Kerlingadal. Tók fógeti þá tryggingu gilda.

Umboðsmenn gerðarþola hafa mótmælt því, að gerð þessi fari fram og óskað úrskurðar um það.

Ágreiningur um rétt eða lögmæti athafna þeirra, sem lögbanns er beiðst við, verður ekki látið standa í vegi fyrir því, að lögbann fari fram. Um þann ágreining verður skorið í staðfestingarmáli. Þess verður ekki krafizt, að réttur gerðarbeiðanda sé sannaður eða jafnvel gerður sennilegur. Fyrirmælin um tryggingu af hendi gerðarbeiðanda og bótaskylda sú, er hann bakar sér, ef gerðin reynist ólögmæt, á að tryggja rétt gerðarþola, og þar sem fógeti hefur eftir atvikum talið trygginguna, kr. 100.000.00, er fram er lögð, nægja, verður lögbannið því látið fram ganga.

Fógeti lýsti þvínæst yfir, að hann legði lögbann við því, að Klaustursbræður, þeir Helgi, Bergur, Valdimar, Júlíus og Siggeir Lárussynir og Erlendur Einarsson og Björn B. Björnsson eða aðrir fyrir þeirra hönd haldi áfram björgunaraðgerðum á Dynskógafjöru, hvort heldur fyrir sjálfa sig, rikissjóð eða aðra, og jafnframt því, að rikissjóður sem einkamálaréttaraðili hefjist handa um björgun járnins.

Þriðjudaginn 19. maí 1953.

Nr. 128/1952. **Bergur, Helgi, Júlíus, Siggeir og Valdimar Lárussynir** (Kristján Guðlaugsson)

og

Erlendur Einarsson og Björn B. Björnsson
(Vilhjálmur Jónsson hdl.)

gegn

Andrésí Á. Pálssyni og Daniel Guðbrandssyni
(Ólafur Þorgrímsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómáráttar Hæstaréttar.

Sýkna af kröfu um björgunarrétt að strandgóssi.
Lögbannsgerð felld úr gildi.

Dómur Hæstaréttar.

Með stefnu 28. ágúst 1952 hafa áfrýjendur skotið til Hæstaréttar dómi aukadómpings Skaftafellssýslu, er upp var

kveðinn af Jóni Kjartanssyni sýslumanni hinn 23. ágúst 1952. Krefjast áfrýjendur þess, að staðfest verði lögbanngerð sú, er fram fór 4. ágúst 1952, að þeim verði dæmdur réttur til björgunar á járnri því, sem í málinu greinir, og að stefndu verði dæmt in solidum að greiða þeim málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjenda in solidum í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta ákvæði hans um, að niður sé felld lögbanngerðin frá 4. ágúst 1952. Að því er tekur til kröfu áfrýjenda um, að þeim sé dæmdur réttur til björgunar járnins, þá hefur dómur þegar verið lagður á þá kröfu í Hæstarétti í málinu nr. 16/1953, og eru því ekki efni til að dæma hana í þessu máli.

Eftir atvikum þykir rétt, að hver aðili beri sinn kostnað af málinu bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um, að niður sé felld lögbanngerð frá 4. ágúst 1952, á að vera óraskað.

Aðiljar beri hver sinn kostnað af málinu bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur aukadómþings Skaftafellssýslu 23. ágúst 1952.

Hinn 28. febrúar 1941 strandaði e/s Persier á svonefndum Kötlu-töngum á Mýrdalssandi. Gerður var björgunarsamningur 6. marz s. á. við Skipaútgærð ríkisins. Var bjargað ur skipinu á land bifreiðum, en ca. 5000 lestum af hrájárnri var varpað fyrir borð, til þess að létta skipið. Var því verki lokið 14. maí 1941. Náðist skipið út og var síðan haldið með það til Reykjavíkur. Voru bjarganda síðan ákveðin laun fyrir starf sitt, kr. 500.000,00, með dómi Hæstaréttar 3. marz 1943.

Fjaran, þar sem skipið strandaði, fylgir jörðinni Kerlingardal, og er það ágreiningslaust í máli þessu, enda segir í gerðabók fasteignamatnefndar Vestur-Skaftafellssýslu frá 1917, að fjara þessi, að því er ætla má, sé „eign Kerlingardalsjarða“, enda hefur því ekki verið andmælt, að með orðum þessum sé átt við fjöruna, þar sem skipið strandaði og járninu var varpað fyrir borð. Járninu var varpað í sjóinn, en síðan hefur sandur borizt þar út í sjóinn, svo að nú er orðið þurrt land, þar sem járninu var varpað útbyrðis, en járníð hefur orpizt sandi. Er nú

talið sannreynt, hvar járníð liggi og að það sé ofan stórstraumsfjöru-
borðs. Ofurlitlu af jární þessu hefur verið bjargað að tilhlutun eða með
leyfi Kerlingardalsbænda, sem telja sig eigendur járnins eða forgangs-
hafa að björgun þess, að því er virðist fyrstu 3 árin eftir strandið, og
tjást þeir hafa fengið nokkuð af andvirði þess samkvæmt skilagrein
bjargenda. En af hálfu bjargenda e/s Persier, Skipaútgerðar ríkis-
ins, hafa engar tilraunir til þess að ná járninu upp verið gerðar né
heldur af hinum upprunalegu farmeigendum eða vátryggjendum þau
rúm 11 ár, síðan strandið varð.

Söluverð hrájárns er talið hafa verið um 200 kr. smálest, er skips-
strandið varð, en er nú talið um 2000 kr. Vegna þessarar verðhækkunar
virðist sækjendum þessa máls hafa orðið það ljóst, að verða mætti stór-
mikill hagnaður af björgun járn þessa, ef hún tækist. Gerðist það þá
fyrst, að 2. júní 1951 gera þeir sækjendur málsins, Erlendur Einarsson
og Björn B. Björnsson, þannig lagaðan samning við stefndu, eigendur
og ábúendur Kerlingardals, að hinir síðarnefndu „afsala“ til þeirra Er-
lendar „leyfi til þess að bjarga hrájární, sem fleygt var úr e/s Per-
sier, sem strandaði á Kerlingardalsfjöru árið 1941“, enda skyldu þeir
Erlendur hafa „einkaleyfi á björgun járnins“ og „ráðstöfunar- og eignar-
rétt á því jární, sem þeir bjarga“. Fyrir þetta „einkaleyfi“, svo sem
það er orðað, skyldu þeir greiða Kerlingardalsmönnum kr. 7,50 pr. tonn,
sem bjargast, og þeir (þ. e. þeir Erlendur) fá ráðstöfunarrétt á“. Ekki
virðast þeir Erlendur hafa hafizt handa um nokkrar björgunarfram-
kvæmdir næsta árið eftir samningsgerð þessa.

En nú koma hinir sækjendur máls þessa, þeir svonefndu Klausturs-
bræður, til sögunnar. Hinn 20. maí þ. á. gera þeir samning við forstjóra
Skipaútgerðar ríkisins, sem taldi Skipaútgerðina eiga járníð, eða að
minnsta kosti forgangsrétt til að bjarga því samkvæmt björgunarsam-
ningnum um e/s Persier, þess efnis, að Klaustursbræður tækju að
sér að gera tilraunir til að bjarga járninu, ríkissjóði að kostnaðarlausu,
enda skyldu þeir hefja björgunartilraunir eigi síðar en í júnímánuði s. á.
Fyrir leyfið skyldu þeir greiða 12% af andvirði bjargaðs járn, að frá-
dregnum flutningskostnaði til sölustaðar innanlands. Bjargað járn skyldi
vera eign ríkissjóðs, þar til er sala færi fram.

Næst gerist það, að þeir Klaustursbræður og þeir Erlendur og Björn
gera með sér 31. júlí þ. á., — með skírskotun til samninganna 2. júní
1951 og 20. maí 1952 —, þannig lagaðan samning, að þeir skuli í félagi
bjarga ofannefndu jární og skipta ágóða og tapi í hlutfallinu 60:40. Er-
lendur og Björn skyldu annast greiðslu til hinna stefndu samkvæmt
samningnum frá 2. júní 1951, en gjaldið til ríkissjóðs skyldi greiðast af
sameiginlegum kostnaði. Samning þenna samþykkti forstjóri Skipaút-
gerðarinnar 10. ágúst þ. á.

Hinir stefndu Kerlingardalsbændur töldu sig hafa verið gabbada til
þess að gera samninginn 2. júní 1951, með því að þeim hafi verið sagt
af þeim Erlendi og Birni, að verð á hrájární væri þá um kr. 200,00 smá-
lestin. Fyrir því segja þeir samningi þessum upp hinn 15. júlí þ. á. eða

hálfum mánuði áður en Klaustursbræður gera áðurnefndan samning við þá Erlend og Björn, sem mótmælt höfðu riftingu hinna stefndu 17. júlí þ. á.

Með því að hinir stefndu Kerlingardalsbændur töldu sér einum heimilt að bjarga járninu og færa sér það í nyt samkvæmt rétti sínum yfir fjör-
unni og með því að þeir væru ekki lengur bundnir við samninginn frá 2. júní 1951, þá hófust þeir handa um björgun járnins fyrir mánaðamótin júlí—ágúst síðastliðinn, að því er virðist. Vegna þessara aðgerða kröfðust sækjendur þess, að lögbann yrði lagt við öllum slíkum framkvæmdum af hálfu hinna stefndu. Og var 4. ágúst síðastliðinn lögbann lagt við því, að hinir stefndu héldu áfram björgunaraðgerðum á oftnefndu járn. Hafa sækjendur svo höfðað mál þetta með stefnu 4. ágúst þ. á. og hafa krafizt þess,

að lögbannsgerðin verði staðfest,

að réttur þeirra til björgunar og ráðstöfunar járnins verði viðurkenndur með dómi og loks,

að þeim verði dæmdur hæfilegur málskostnaður úr hendi hinna stefndu eftir mati dómsins. Af hálfu hinna stefndu hefur þess verið krafizt, að lögbannsgerðin verði felld niður,

að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum sækjenda og

að sækjendur verði dæmdir til greiðslu málskostnaðar in solidum.

Sækjendur reisa rétt sinn fyrst og fremst á samningnum frá 20. maí 1952. Samningur þessi er reistur á þeim rökum, að Skipaútgerð ríkisins hafi átt samkvæmt samningnum um björgun e/s Persier og farms þess einkarétt til björgunar járnins, þegar samningurinn 20. maí 1952 var gerður. Eins og áður greinir, var járninu varpað fyrir borð fyrra hluta maimánaðar 1941, og hefur síðan verið afskiptalaust af hálfu Skipaútgerðarinnar full 11 ár. Virðist Skipaútgerðin hafa með þessu langa aðgerðarleysi firrt sig forgangsrétti til björgunar og ráðstöfunar járnins og hafi því enga framsalsheimild haft á þeim réttindum, er reist verði á björgunarsamningnum 6. marz 1941.

Þá hafa sækjendur hreyft þeirri athugasemd, að ríkissjóður væri nú eigandi járnins, ef svo yrði litið á, að það hefði komizt úr einstaklings-
eign, er því var varpað útbyrðis, og að þá hefðu þeir með samningnum 20. maí 1952 fengið björgunar- og ráðstöfunarrétt á járninu á þeim grundvelli. Hins vegar telja stefndu sig þá mundu hafa orðið eigendur járnins vegna fjöru eignar sinnar. Loks er eigendum og váttryggjendum e/s Persier geymdur óskertur réttur til járnins og ráðstöfunar á því. Hvorki hafa fyrirsvarsmenn ríkissjóðs né fyrirsvarsmenn eigenda skipsins eða váttryggjenda gerzt aðiljar máls þessa, og verður því ekki um eignarrétt eða ráðstöfunarrétt á járninu dæmt í þessu máli. Geta sækjendur því ekki reist kröfur sínar á því, að ríkissjóður sé eigandi járnins, jafnvel þótt skilja mætti samninginn frá 20. maí 1952 og samþykki fjármálaráðherra á honum svo, að hann tæki til þessa hugsanlega réttar ríkissjóðs.

Þá reisa sækjendur rétt sinn á samningnum 2. júní 1951, sem áður

getur. Eins og áður segir, var svo samið, að stefndu, sem virðist hafa verið ókunnugt um verð á hrájárninu á samningsdegi, skyldu hafa kr. 7,50 af hverri lest hrájárns, sem bjargaðist. Hvort sem þeir Erlendur og Björn hafa veitt þeim skakka vitneskju um þetta atriði eða ekki, þá virðast stefndu hafa hlotið að gera ráð fyrir, — þar eð þeir létu sér nægja einar kr. 7,50 af hverri bjargaðri smálest, — miklum mun lægra söluverði af járninu en raunverulega var. Og hafa þeir því gengist undir samninginn á svo stórvægilega röngum forsendum, að þeir geta ekki orðið við hann bundnir, með því að viðursemjendum þeirra átti að vera það ljóst, að þeir mundu ekki hafa gert samninginn með þessum hætti, ef þeir hefðu vitað hið rétta járnverð.

Samkvæmt framanskráðu brast sækjendur heimild til þess, að lögbann yrði lagt við aðgerðum af hálfu stefndu til björgunar járninu, og ber því að fella lögbannsgerðina 4. ágúst 1952 niður. Og leiðir þá einnig af því, sem greint hefur verið, að krafa sækjenda um rétt þeirra til björgunar og ráðstöfunar á járninu verður ekki tekin til greina.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Lögbannsgerðin 4. ágúst 1952 er felld niður.

Að öðru leyti eiga hinir stefndu, Andrés Á. Pálsson og Daníel Guðbrandsson, að vera sýknir af kröfum sækjendanna, Bergs, Helga Júlíusar, Siggeirs og Valdimars Lárussona, Erlendar Einarssonar og Björns B. Björnssonar.

Málskostnaður fellur niður.

Lögbannsgerð fógetaréttar Skaftafellssýslu 4. ágúst 1952.

Fyrir hönd gerðarbeiðanda er mættur Kristján Guðlaugsson, hæstaréttarlögmaður í Reykjavík. Krefst hann lögbanns við björgunaraðgerðum samkvæmt réttarskjali nr. 1.

Þá er einnig mættur fyrir Erlend Einarsson og Björn Björnsson Vilhjálmur Jónsson hdl., Reykjavík, og krefst þess fyrir þeirra hönd, að gerðin verði látin fram fara og skirskotar til varakröfunnar á réttarskjali nr. 1.

Af hálfu gerðarþola er mættur Ólafur Björnsson hdl. vegna Ólafs Þorgrímssonar hrl., Reykjavík. Hann mótmælir, að gerðin fari fram.

Umboðsmaður gerðarbeiðanda setti nú tryggingu, kr. 100.000,00, sem er víxill, samþykktur af Helga Lárussyni, forstjóra í Reykjavík, útgefinn af Erlendi Einarssyni framkvæmdarstjóra, Reykjavík, og ábekktur af honum og Bergi Lárussyni, Júlíusi Lárussyni og Birni B. Björnssyni, öllum í Reykjavík. Tók fógeti þá tryggingu gilda.

Fógeti lýsti því yfir, að hann legði lögbann við því, að Kerlingardalsbændur, þeir Andrés Pálsson og Daníel Guðbrandsson eða aðrir, sem þar kunna að vera að verki, haldi áfram björgunaraðgerðum á járninu

Því úr flutningaskipinu Persier, sem liggur sandorpið við sjó á Mýrdals-
sandi, og brýndi fyrir umboðsmanni gerðarþola, að lögbann þetta mætti
ekki brjóta að viðlagðri ábyrgð að lögum.

Miðvikudaginn 27. maí 1953.

Nr. 9/1952. **Einar Sigurðsson** (Sveinbjörn Jónsson)

gegn

Páli Árnayni, Gísla Jónssyni og Guðrúnu

Bjarnadóttur (Ragnar Jónsson).

Dómendur: Hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðs-
son, Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson, Þórður Eyj-
ólsson og Kristján Kristjánsson borgarfógeti.

Veiðiréttur. Lögbannsgerð felld úr gildi.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með
stefnu 24. janúar 1952, að fengnu áfrýjunarleyfi 17. janúar
1952. Gerir hann eftirfarandi dómkröfur:

1. *Aðalkrafa*, að áfrýjanda verði dæmdur einkaréttur til
veiði í Austurkotslátri í Hvítá, að lögbannsgerðin frá 5. júlí
1951 verði staðfest og stefnda Páli Árnasyni verði dæmt að
greiða honum málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

2. *Varakrafa*, að áfrýjanda verði dæmdur veiðiréttur í
Austurkotslátri í hlutfalli við eigendur Stóru-Reykja, Litlu-
Reykja og Lauga eftir jarðarstærð, hver aðilja sé látinn bera
sinn kostnað af málinu í héraði, en stefnda Páli dæmt að
greiða málskostnað fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndu krefjast staðfestingar á hinum áfrýjaða dómi og
málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að
staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum verður að dæma áfrýjanda til að
greiða stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr.
1000.00.